

Erlendur S. Þorsteinsson
Háulind 24
201 KÓPAVOGUR

Kópavogi, 20. júlí 2026

Erindi um

Illu lagðar rafskútur (leigurafhlaupahjól, „Hoppbjól“, smáfarartæki skv. 3. gr. umferðarlaga) á stígum og öðru bæjarlandi Kópavogsbæjar

til bæjarráðs Kópavogsbæjar.

Undirritaður vill benda Kópavogsbæ á það ófremdarástand sem ríkir á stígum bæjarins



Mynd 1, tekin 2024, sýnir Hoppbjól liggjandi á miðjum hjólastíg; vinstra megin er Fíuhvammsvegur þar sem hann fer í gegnum Lindir í átt að Sölum

svo hætta stafar af



Mynd 2, tekin 2026, sýnir Bolthjól ofan á leiðarsteinum blindra þannig að aðgengi að tökkum fyrir gangbrautarljós er hindrað; vinstra megin er Fífuhammsvegur þar sem hann fer framhjá Smáralind við gatnamót Dalvegjar

og krefja bæinn, sem ábyrgan veghaldara, um aðgerðir.

Ég hef um árabil sent ítrekaðar ábendingar til Kópavogsbæjar um illa lagðar rafskútur á hjóla- og göngustígum bæjarins. Ástandið hefur verið einstaklega slæmt í ár og vil ég því sérstaklega benda á röð ábendinga frá byrjun júní en í þeim er fjöldi mynda frá því í vor og sumar. Athugið að ef þess er óskað að þá er ég einnig með tugi annarra mynda frá þessu ári vegna þess að í ábendingum er einungis hægt að senda takmarkaðan fjölda mynda og ég hef því alltaf þurft að velja úr safninu til að senda með ábendingum. Einnig er ég með hundruði mynda frá fyrri árum ef frekari rökstuðnings er óskað.

En ég vil benda á að bæjarfulltrúar og starfsmenn bæjarins ættu líka að þekkja þetta af eigin raun með því að keyra, hjóla og labba um bæinn en sérstaklega er þjónustumiðstöð bæjarins alltaf á ferðinni og sér þetta líklega allra best.

Þessar illa lögðu rafskútur hindra för gangandi & hjólandi og eru sérstaklega hættuleg blindum, sem sorgleg dæmi hafa sannað. Bærinn hefur skyldur til að tryggja greiða för skv. umferðar- og vegalögum; m.a. í umferðarlögum er *vegur* skilgreindur sem „gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar“ og í vegalögum er tiltekið að ákvæði eigi einnig við um stíga og því gilda t.d. ákvæði 12. og 47. gr. vegalaga um stíga, að gæta eigi umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um *vegi* og að veghaldara sé heimilt að fjarlægja óviðkomandi hluti eða muni af *vegi* á kostnað eigenda.

Ég hef staðfest í sumar að Hopp og Bolt bregðast seint, illa eða alls ekki við ábendingum um illa lagðar rafskútur og hef skjalað tilraunir mínar í ábendingum til bæjarins.

Það er borin von að árangur náist nema með skýrum aðgerðum bæjarins. Fyrst og fremst þarf að segja upp öllum samningum við Hopp og Bolt eða tilkynna þeim formlega að engir samningar séu í gildi ef samningar eru ekki fyrir hendi eða þeir útrunnir. Einnig að tilkynna þeim að ekki sé heimilt að skilja eftir rafskútur á stígum og að ekki dugi að vísa á viðskiptavini því eigandi ber ábyrgð um leið og leigu lýkur. Leigurnar geta í samræmi við viðskiptaskilmála sína lagt á aukagjöld en geta ekkert vísað ábyrgðinni á annað fólk.

Ég hef einnig staðfest í sumar að langstærsti hluti vandamálsins eru rafmagnslausar rafskútur en notendur virðast bara hoppa af þeim þar sem þær verða rafmagnslausar og labba í burtu. Leigunum ætti að vera fulljóst, með sjálfvirkum hætti, að ef rafskúta verður rafmagnslaus út mörkinni á hjólastíg langt frá öllum mögulegum áfangastöðum að þá eru allar líkur á því að hún liggi yfirgefinn á miðjum stíg. Ég tel að algjör skortur á frumkvæði leiganna að taka á þessu vandamáli sé alveg sérstakt efni sem bærinn þurfi að taka fyrir.

Ég vil sérstaklega benda á að það er sérstaklega hallærislegt, gamaldags og úrelt að ætlast til þess að almennir vegfarendur séu handvirkir að tilkynna illa lagðar rafskútur. Ég gerði tilraunir með gervigreind í þessu efni árið 2024 og almenn gervigreind gat þá þegar greint myndir og sagt til um hvort að rafskútum var vel eða illa lagt. Mikið vatn hefur til sjávar runnið síðan þá og sérhæfð myndgreiningargervigreind gæti í dag, 2026, greint þúsundir mynda með áreiðanlegum hætti og flaggað það sjálfkrafa sem þyrfti að sinna í flýti. Með því að láta sjálfvirk kerfi greina:

- endaði ferðin eðlilega eða varð rafskútan rafmagnslaus?
- endaði ferðin við áfangastað eða út í mörkinni?
- var skútunni lagt í stæði; eða endaði ferðin á bannsvæði eða var skútunni lagt nálægt hjólastíg eða gatnamótum eða undirgöngum eða brú?
- sendi notandinn inn skilamynd?
- var skilamyndin, ef einhver barst, raunverulega af rafskútu eða bara selfie eða út í loftið?
- ef skilamyndin var af rafskútu, hvernig var henni lagt?
- hver er viðskiptasaga notandans; hafa lagningar viðkomandi verið tilkynntar áður?

og margt fleira, með því að taka inn öll merkin, öll gögnin, má meta líkurnar á því að tiltekin lagning sé góð eða slæm. Með það í höndunum má svo aftur forgangsraða verkefnum með

sjálfvirkum hætti og deila þeim út til þeirra sem eru að vinna út í mörkinni við að skipta um rafhlöður og laga rafskúturnar.

Eitt af merkjunum gæti líka verið að starfsmenn gefi lagningu einkunn og það sé tengt við síðasta viðskiptavin. Ef það safnast upp slæmar lagningar á sögu viðskiptavinar, þá má fara að draga þá ályktun að viðkomandi kunni ekki að leggja og senda viðkomandi sjálfkrafa áminningu og kennslufni.

Það eru ekkert nema lausnir hérna með hjálp nýjustu tækni & vísinda!

Ég efa ekki að umhverfissvið Kópavogsbæjar er með frekari innsýn í þetta ófremdarástand og fleiri hugmyndir/tillögur til úrbóta.

Ef ástandið lagast ekki vil ég leggja til að alfarið verði bannað að leggja á göngu- og hjólastígum bæjarins með því að setja ákvæði þar um í lögreglusamþykkt bæjarins. Vil ég gjarnan benda bænum á minnisblað Innviðaráðuneytisins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis 14. apríl 2023 en þar sagði m.a.

„[...] vill ráðuneytið taka fram varðandi lagningu ökutækja, og vísar til fyrri umfjöllunar, að í 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga segir að ekki megi stöðva ökutæki eða leggja því þannig að það geti valdið hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð. Auk þess er sérákvæði varðandi reiðhjól og smáfarartæki, verði frumvarpið að lögum, í 6. mgr. 42. gr. þess efnis að ganga skuli þannig frá reiðhjólum sem lagt er að eigi stafi hættu eða truflun af. Veghaldara er þá heimilt samkvæmt 84. gr. umferðarlaga að kveða á um varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar að höfðu samráði við sveitarstjórn, þegar það á við, og að fengnu samþykki lögreglu. Því til viðbótar er viðkomandi sveitarfélagi í samningi við þjónustuaðila unnt að kveða á um frágang með ákveðnum hætti. Að mati ráðuneytisins stendur það nær veghaldara og hverju sveitarfélagi fyrir sig að ákveða hvernig skilja má við ökutækin [...].“

Þetta bann þyrfti að vera í lögreglusamþykkt bæjarins til að ná almennt yfir hvernig ekki megi nota göngu- og hjólaleiðir bæjarins; að þær séu alls ekki rafskútustæði.

Undirritaður er íbúi í Kópavogi en er jafnframt formaður stjórnar Landssamtaka hjólræðamanna (LHM - <https://lhm.is>) og stofnandi átaksverkefnins Verst lagða rafskútan (VLR - <https://www.facebook.com/groups/verstagdarafskutan>). LHM hefur áður, árið 2023, mótmælt samningum Kópavogsbæjar við rafskútuleigurnar: <https://lhm.is/lhm/skjal/1396-motmaeli-sveitarfelag-rahlaupahjol>

Erindi þetta er sent bæjarráði Kópavogs persónulega sem íbúi í Kópavogi en einnig í nafni fyrrnefndra samtaka.

Með vinsemd & virðingu og von um skjótar & skýrar aðgerðir,

Erlendur S. Þorsteinsson